



Borgarráð

COVID-19 – Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum - ársfjórðungsskýrsla janúar - mars 2021

Lögð er fram til kynningar ársfjórðungsskýrsla Borgarvaktar í velferðar- og atvinnumálum fyrir janúar til mars 2021.

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 voru samþykktar 13 tillögur sem snúa að aðgerðum til að bregðast við afleiðingum COVID-19 faraldursins. Ein af tillögunum laut að því að koma á fót borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum til að vakta afleiðingar faraldursins á aðstæður borgarbúa og atvinnulífið.

Undirbúningshópur skipaður fulltrúum fagsviða og skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu vann að undirbúningi borgarvaktarinnar fram að hausti 2020 sem fól einkum í sér að skilgreina hvaða vísar það eru sem fylgjast þarf með til að vakta áhrif COVID-19 faraldursins á velferðar- og atvinnumál í Reykjavík.

Fyrirhugað er að leggja ársfjórðungslegar skýrslur borgarvaktarinnar fram í borgarráði auk þess sem gagnþjónusta þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur unnið að gerð mælaborðs borgarvaktarinnar sem er að finna á <https://reykjavik.shinyapps.io/borgarvaktin>.

Í ársfjórðungsskýrslu fyrir fyrsta ársfjórðung 2021 er fjallað um stöðu mála í Reykjavík hvað varðar eftirfarandi vísar:

1. Atvinnuleysi
2. Fjárhagsaðstoð
3. Skólastarf
4. Útköll vegna heimilisofbeldis
5. Tilkynningar til barnaverndar
6. Biðlistar eftir félagslegum íbúðum
7. Útivera
8. Þjónusta við fólk í heimahúsum
9. Notkun frístundakorts
10. Gjaldþrot fyrirtækja í Reykjavík.
11. Útgefin byggingarleyfi og samþykkt byggingarmagn.

12. Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks.
13. Kröfur Reykjavíkurborgar í milliinnheimtu og löginheimtu
14. Þróun útsvars
15. Fjöldi starfandi eftir atvinnugrein.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Ársfjórðungsskýrsla Borgarvaktar í velferðar- og atinnumálum fyrir fyrsta ársfjórðung 2021.



Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum

Græna planið - Sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030

ÁRSFJÓRÐUNGSSKÝRSLA – JANÚAR TIL MARS 2021

Inngangur

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 voru samþykktar 13 tillögur sem snúa að aðgerðum til að bregðast við afleiðingum COVID-19 faraldursins. Ein af tillögunum laut að því að koma á fót borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum til að vakta afleiðingar faraldursins á aðstæður borgarbúa og atvinnulífið.

Tillagan var svohljóðandi:

Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum sem ýmist verður beint til borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar, ríkis eða sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga eða annarra aðila. Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilþáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, lífskjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

Undirbúningshópur skipaður fulltrúum fagsviða og skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu vann að undirbúningi borgarvaktarinnar fram að hausti 2020 sem fól einkum í sér að skilgreina hvaða vísar það eru sem fylgjast þarf með til að vakta áhrif COVID-19 faraldursins á velferðar- og atvinnumál í Reykjavík.

Lagt hefur verið upp með að leggja ársfjórðungslegar skýrslur borgarvaktarinnar fram í borgarráði auk þess sem gagnþjónusta þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur unnið að gerð mælaborðs borgarvaktarinnar sem er að finna á <https://reykjavik.shinyapps.io/borgarvaktin>.¹

Það er metið hverju sinni hvaða vísar og viðbótarupplýsingar eru lagðar fram í hverri ársfjórðungsskýrslu og hefur markmiðið verið að fjölga vísam í hverri skýrslu. Nokkur fjöldi vísa eru þó aðeins uppfærðir 1-2 á ári og þeir því ekki lagðir fram oftár.²

Í ársfjórðungsskýrslu fyrir fyrsta ársfjórðung 2021 er fjallað um stöðu mála í Reykjavík hvað varðar eftirfarandi vísa:

1. Atvinnuleysi
2. Fjárhagsaðstoð

¹ Ábyrgð og verkaskipting vegna borgarvaktar í velferðar- og atvinnumálum er eftirfarandi:

a. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á skilum á ársfjórðungslegum minnisblöðum til borgarráðs.

b. Gagnþjónusta þjónustu- og nýsköpunarsviðs ber ábyrgð á að færa borgarvísa inn í mælaborð borgarvaktar, á framsetningu myndrita í samræmdu útliti fyrir borgarvísa og á öflun tölfraðiupplýsinga frá ríkisstofnunum, s.s. Vinnumálastofnun og Hagstofunni, og túlkun og textavinnslu vegna þeirra.

c. Tengiliðir fagsviða bera ábyrgð á skilum á gögnum til gagnþjónustunnar til uppsetningar borgarvísa í mælaborð borgarvaktar og á túlkun og textagerð um vísa á þeirra ábyrgð í ársfjórðungslegu minnisblaði til borgarráðs.

² Fyrri minnisblöð borgarvaktar voru lögð fram á fundum borgarráðs þann 28. janúar 2021, 25. júní 2020 og 16. apríl 2020

3. Skólastarf
4. Útköll vegna heimilisofbeldis
5. Tilkynningar til barnaverndar
6. Biðlistar eftir félagslegum íbúðum
7. Útivera
8. Þjónusta við fólk í heimahúsum
9. Notkun frístundakorts
10. Gjaldprot fyrirtækja í Reykjavík.
11. Útgefin byggingarleyfi og samþykkt byggingarmagn
12. Atvinnupátttaka fatlaðs fólks
13. Kröfur Reykjavíkurborgar í milliinnheimtu og löginneheimtu
14. Þróun útsvars
15. Fjöldi starfandi eftir atvinnugrein

1. Atvinnuleysi. Félagsvísar: Atvinna


Í minnisblaðinu er annars vegar litið sérstaklega til *fjölda atvinnulausra* og hins vegar til *áætlaðs atvinnuleysis* í tilteknum hópi. Miklu skiptir að hafa í huga að áætlað atvinnuleysi í þessari greiningu er ekki hið sama og “skráð atvinnuleysi”, eins og það er mælt af Vinnumálastofnun, en er þó tilraun gagnþjónustunnar til að birta sem raunsannasta mynd sem hægt er að bera saman við skráð atvinnuleysi.³

³ Þessi áætlun byggir þó á viðbótargögnum sem eru oft ekki til niður á einstaka hópa. Þannig er notast við vissar einfaldanir. Eins og það að notast við útgefið vinnuafli Hagstofu og vigta það eftir hlutfalli tiltekinna hópa af heildarfjölda Reykvíkinga. Þannig er til að mynda gert ráð fyrir að atvinnupátttaka sé óháð aldri, þó vitað sé að í sögulegu samhengi er atvinnupátttaka alltaf háð aldri, kyni og öðrum bakgrunnsbreytum. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga þegar skoða á áætlað atvinnuleysi meðal 18-29 ára. Sá hópur er eðli málsins samkvæmt með lægra hlutfall atvinnupátttöku, vegna fjölda námsfólks á þeim aldri, sem ekki er tekið tillit til sérstaklega í samanburðinu. Þannig má gera ráð fyrir að vissu vanmat eigi sér stað þegar atvinnuleysi er áætlað á þennan hátt. Ekki þarf að hafa þessa tilteknu hluti í huga þegar *fjöldi atvinnulausra* er skoðaður, þar sem þar er um að ræða talningar Vinnumálastofnunar. Aftur á móti skal hafa í huga að í hvorugum þessara mælikvarða er tekið tillit til einstaklinga með minnkað starfshlutfall, ekki frekar en í skráðu atvinnuleysi hér að neðan.

Áður en farið er í nánara niðurbrot á atvinnuleysi er vert að líta á heildarmyndina út frá áður nefndu *skráðu atvinnuleysi* í Reykjavík samkvæmt útgefnu efni Vinnumálastofnunar.

Mynd 1. Skráð atvinnuleysi í Reykjavík samkvæmt Vinnumálastofnun


Skráð atvinnuleysi frá Vinnumálastofnun



Í lok marsmánaðar síðastliðins var atvinnuleysi í Reykjavík samkvæmt Vinnumálastofnun 11,3%, samanborið við 7,7% í mars á síðasta ári.


Greiningar eftir kyni

Mynd 2. Fjöldi atvinnulausra í Reykjavík eftir kyni



Atvinnuleysi hélt áfram að hækka á síðasta ársfjórðungi 2020 og voru samanlagt 8.736 Reykvíkingar atvinnulausir í upphafi árs 2021, eða 4.990 karlar og 3.796 konur. Síðan þá hefur fjöldi atvinnulausra lækkað lítillega og í mars voru 4.876 atvinnulausir karlar í Reykjavík og 3.760 konur - samanlagt 8.636.


Mynd 3. Atvinnuleysi í Reykjavík eftir kyni



Atvinnuleysi í Reykjavík hefur þróast með nokkuð sambærilegum hætti hjá körlum og konum frá því í upphafi árs 2020, þó atvinnuleysi sé meira meðal karla. Atvinnuleysi í Reykjavík í mars var 12,3% meðal karla og 10,2% meðal kvenna.


Greiningar eftir aldurshóp

Mynd 4. Fjöldi atvinnulausra í Reykjavík eftir aldurshóp



Í öllum aldurshópum er lítil breyting á fjölda atvinnulausra í Reykjavík það sem af er ári. Áfram er stærsti hópur atvinnulausra á aldrinum 30-39 ára og því næst 20-29 ára.


Mynd 5. Atvinnuleysi í Reykjavík eftir aldri



Samkvæmt útreikningum gagnþjónustu er atvinnuleysi áætlað mest meðal 30-39 ára í Reykjavík, eða 15,8% í marsmánuði. Þannig er sá aldurshópur bæði með mestan fjölda atvinnulausra og hæst hlutfall atvinnulausra. Hér er vert að staldra við og benda á að í útreikningum sem myndin hér að ofan byggir á er stuðst við atvinnupátttöku frá Hagstofu, líkt og Vinnumálastofnun gerir. Til að geta birt atvinnuleysi niður á aldurshópa í Reykjavík er atvinnupátttakan vegin með hlutfalli hvers aldurshóps af heildarfjölda fólks á aldrinum 16-69 ára í Reykjavík. Ekki er tekið tillit til þess að atvinnupátttaka hefur í sögulegu samhengi verið mismunandi milli þessara hópa. Þannig má til að mynda ætla að hér að ofan sé atvinnuleysi 20-29 ára að einhverju leyti vanáætlað vegna þess að fleiri í þeim aldurshópi eru í námi heldur en í 30-39 ára hópnum, svo dæmi sé tekið. Að því sögðu er þetta besta nálgun sem svo stendur.


Greiningar eftir ríkisfangi

Mynd 6. Fjöldi atvinnulausra í Reykjavík eftir ríkisfangi



Í mars voru 4.760 einstaklingar með íslenskt ríkisfang atvinnulausir og hefur fækkað í þeim hópi um 126 frá því í janúar. Á sama tíma hefur nær engin breyting átt sér stað í hópi atvinnulausra með erlent ríkisfang annað en pólskt.

Mynd 7. Atvinnuleysi í Reykjavík eftir ríkisfangi




Áætlað atvinnuleysi í mars er 39,8% í hópi fólks með pólskt ríkisfang, 33,0% meðal fólks með erlent ríkisfang annað en pólskt, og 7,3% meðal fólks með íslenskt ríkisfang. Í öllum tilvikum er þetta lægra heldur en í upphafi árs, þó ekki miklu muni.

2. Fjárhagsaðstoð. Félagsvísar: Fjárhagur, öryggi.


Gögnin um fjárhagsaðstoð er unnin úr gagngrunni VELSTAT sem velferðarsvið rekur.

Mynd 8. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Fjöldi notenda samanlagt.




Í marsmánuði hafði heildarfjöldi notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu alls aukist um 9,4% frá fyrra ári. Frá 1.208 notendum í mars 2020 og upp í 1.322 notendur í mars 2021.

Mynd 9. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Fjöldi notenda eftir atvinnustöðu



Heildarhópurinn sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu á fyrsta ársfjórðungi er nokkuð stöðugur - í kringum 1.300 einstaklingar. Athugið að brotalinan á neðri hlutum myndarinnar hér að ofan sýnir stöðuna sama mánuð árið áður. Þróunin síðastliðið ár er að fjölgað hefur mjög í hópnum atvinnulaus án bótaréttar (ljósblár hluti súlurits hér að ofan). Í marsmánuði taldi breytingin yfir 12 mánuði 40%. Í dag er því hópur atvinnulausra án bótaréttar stærsti hluti notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu, eða 49%. Óvinnufærir eru þar með ekki lengur stærsti hópurinn, heldur sá næststærsti, eða 40% allra notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Mynd 10. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Nýir notendur atvinnulausir, fj. eftir atvinnustöðu




Ef skoðaðir eru nýskráðir notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu (talning hvern mánuð miðar við að nýir notendur séu nýskráðir notendur síðustu 6 mánaða) eftir atvinnustöðu má sjá að langstærsti hópurinn er atvinnulaus án bótaréttar. Þau sem fá fjárhagsaðstoð eftir að bótaréttur er fullnýttur eru einungis rétt rúmlega 2% af þeim sem fá fjárhagsaðstoð á fyrsta ársfjórðungi.


Hér að neðan er einblínt á nýja notendur sem eru atvinnulausir án bótaréttar (appelsínuguli hluti súlurits hér að ofan). Á myndinni er áhersla lögð á árin 2018 til 2021, en einnig má sjá í bakgrunni hvernig árin 2015 til 2017 eru í samanburði (gráar línur).

Mynd 11. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Nýir notendur atvinnulausir án bótaréttar

Nýir notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu s.l. 6 mánuði




Mynd 12. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Hlutfall notenda með erlent ríkisfang




Ef skoðað er hverjir fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir ríkisfangi sést að fólki með erlent ríkisfang hefur fjölgað mikið í þeim hópi frá ársbyrjun 2019 og telur hópurinn nú um 40% notenda.

Mynd 13. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Hlutfall flóttafólks af notendum með erl. ríkisfang



Ef fólk með erlent ríkisfang er skoðað nánar þá kemur í ljós að ríflega 60% hópsins hefur stöðu sem flóttafólk.

Mynd 14. Fjárhagsaðstoð til framfærslu: Hlutfall flóttafólks af öllum notendum




Í marsmánuði er flóttafólk orðið ríflega fjórðungur allra notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

3. Skólastarf. Félagsvísar: Velliðan, heilsa.

Hér að neðan má sjá fjölda beiðna um skólapijónustu þ.e. tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál. Líkt og sérfræðingar borgarinnar höfðu spáð fjölgaði beiðnum um skólapijónustu með haustinu. Almennt tekur tíma að fá fram áhrif eftir áföll líkt og þau sem samfélagið stóð frammi fyrir á árinu 2020, og til viðbótar hefur uppsafnaður biðlisti áhrif þar. Þar er átt við mál sem hefðu undir eðlilegum kringumstæðum fengið farveg fyrr á árinu en bið varð á vegna röskunar skólastarfs. Eins og komið var inn á síðasta minnisblaði Borgarvaktar var mikil aukning á beiðnum milli október og desember 2020 og

hefur sú aukning haldið áfram á fyrsta ársfjórðungi. Á fyrsta ársfjórðungi 2021 bárust beiðnir vegna 1.044 barna, samanborið við beiðnir vegna 569 barna á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Það er 83% aukning.

Mynd 15. Skólapjónusta: Tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál



Skólasókn á tímum Covid

Skóla- og frístundasvið hefur fylgst grant með skólasókn nemenda á tímum COVID-19, þ.e. hversu mörgum börnum er haldið heima að ósk foreldra vegna faraldursins. Í þeim tilvikum þar sem börnum hefur verið haldið lengur heima en almennt getur talið æskilegt fyrir þau hefur farið af stað ferli til að tryggja að þau hefji starf að nýju. Mjög fáum börnum er haldið vegna faraldursins eins og sést í neðangreindri töflu.

Fjöldi og hlutfall barna sem eru í leyfi að ósk foreldra						
	Leikskóli		Grunnskóli		Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	
	Fjöldi í barna í leyfi að ósk foreldra	Hlutfall barna í leyfi að ósk foreldra af heildarfjölda barna	Fjöldi í barna í leyfi að ósk foreldra	Hlutfall barna í leyfi að ósk foreldra af heildarfjölda barna	Fjöldi í barna í leyfi að ósk foreldra	Hlutfall barna í leyfi að ósk foreldra af heildarfjölda barna
31.ágúst	5	0.1%	11	0.1%	8	0.2%
23.sept	23	0.4%	71	0.5%	21	0.5%
30.sept	27	0.4%	38	0.2%	28	0.6%
7.okt	72	1.1%	148	1.0%	90	2.0%
12.okt	93	1.4%	287	1.9%	97	2.2%
15.okt	95	1.5%	263	1.7%	104	2.4%
20.okt	65	1.0%	226	1.5%	104	2.3%

29.okt	53	0.8%	188	1.2%	86	1.9%
5.nóv	59	0.9%	203	1.3%	123	2.8%
9.nóv	53	0.8%	133	0.9%	95	2.1%
12.nóv	44	0.7%	111	0.7%	84	1.9%
17.nóv	33	0.5%	96	0.6%	74	1.7%
23.nóv	22	0.3%	49	0.3%	52	1.2%
2.des	10	0.2%	56	0.4%	51	1.2%
9.des	5	0.1%	50	0.3%	47	1.1%
16.des	10	0.2%	113	0.7%	36	0.8%
13.jan	5	0.1%	14	0.1%	25	0.6%
12.apr	5	0.1%	7	0.0%	19	0.4%
26.apr	15	0.2%	19	0.1%	28	0.6%


Líðan barna og virkni

Áfram verður fylgst með líðan barnanna og hvernig hún þróast en eins og fram kom í síðasta minnisblaði hafði vanlíðan aukist. Rannsókn og greining lagði sína nemendakönnun fyrir í febrúar og [hér](#) má sjá niðurstöður fyrir Reykjavík. Þá munu jafnframt liggja fyrir heildarniðurstöður fyrir skólaárið úr nemendakönnunum Skólapúlsins í lok maí mánaðar. Skólar og félagsmiðstöðvar hafa nú fengið niðurstöður rannsókna og greininga fyrir hvern skóla og eru að ráða ráðum sínum um viðbrögð við niðurstöðum úr þeim. Skólarnir fylgjast mánaðarlega með mælingum Skólapúlsins. Í næsta minnisblaði borgarvaktarinnar verða settar inn mælingar um líðan barna, virkni þeirra, áhættuhegðun og mælingum á verndandi þáttum í lífi barnanna. Sérstaklega verður horft til viðkvæmra hópa.

4. Útköll vegna heimilisofbeldis. Félagsvísar: Öryggi, vellíðan, heilsa.

Ef tilkynnt er um heimilisofbeldi og barn er á heimilinu fer fulltrúi frá Barnavernd Reykjavíkur á vettvang. Hér að neðan má sjá uppsafnaðan fjölda þeirra útkalla vegna heimilisofbeldis þar sem fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur og félagsráðgjafar á þjónustumiðstöðvum hafa mætt á vettvang. Myndinni er skipt niður eftir kyni brotþola. Athygli vekur að útköll vegna heimilisofbeldis þar sem kona er brotþoli voru orðin 188 við árslok 2020. Þetta er mesti ársfjöldi sem skráður hefur verið allt frá því velferðarsvið Reykjavíkurborgar byrjaði að birta gögnin í VELSTAT gagnagrunni sínum árið 2015, og jafnframt 15% aukning frá 2019.


Mynd 16. Uppsafnaður fjöldi útkalla vegna heimilisofbeldis



Ef ofangreind útköll eru skoðuð eftir aldri brotþola má sjá að 30% útkalla árið 2020 eru vegna ofbeldis í garð kvenna á aldrinum 30-39 ára. Athugið að grafið er einungis til samanburðar aldurdreifinga milli ára, ekki heildarfjölda. Öll árin summast upp í 100%.

Mynd 17. Hlutfall útkalla vegna heimilisofbeldis, skipt eftir kyni og aldri brotþola

Tölur fyrir 2021 miðast við janúar til mars




5. Tilkynningar til barnaverndar. Félagsvísar: Öryggi, vellíðan, heilsa.

Hér að neðan eru tilkynningar til barnaverndar greindar niður á kyn.


Mynd 18. Tilkyningar til barnaverndar

Athugið að y-ásar eru mismunandi fyrir gröfin þrjú hér að neðan



Mikil aukning var á tilkyningum til barnaverndar á árinu 2020 en heildarfjöldi tilkyninga var 5.316. Áfram voru tilkyningar margar á fyrsta ársfjórðungi 2021, og var uppsafnaður fjöldi tilkyninga til barnaverndar 1.382. Tilkyningum fækkaði í janúar en þær jukust aftur í febrúar og mars. Tilkyningarnar voru 501 talsins í mars sem er mesti fjöldi tilkyninga sem borist hafa í einum mánuði og sami fjöldi og í maí 2020.

Mynd 19. Uppsafnaður fjöldi tilkyninga til barnaverndar




6. Biðlistar eftir félagslegum íbúðum. Félagsvísar: Húsnæði.

Hér næst má sjá biðlista eftir almennum félagslegum íbúðum. Það fækkaði á biðlista eftir almennum félagslegu leiguhúsnæði frá apríl 2020 og hefur sú þróun haldið áfram á fyrsta ársfjórðungi 2021 og voru 479 einstaklingar á biðlista í mars 2021. Er það fækkun um 26% milli ára. Ástæðurnar eru margvíslegar en unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu og kaupum á félagslegu leiguhúsnæði. Á árinu 2020 var úthlutað 187 almennum félagslegum íbúðum samanborið við 160 árið 2019. Á fyrsta ársfjórðungi 2021 var úthlutað 50 íbúðum. Þá tóku nýjar reglur um félagslegt leiguhúsnæði gildi í maí 2019 þar sem matsviðmið voru

gerð ítarlegri og skýrari. Þá spilar eflaust líka inn í að framboð af húsnæði á almennum leigumarkaði er meira, m.a. vegna fækkunar ferðamanna.

Mynd 20. Fjöldi á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði




7. Þjónusta við fólk í heimahúsum. Félagsvísir: Velliðan

Reykjavíkurborg býður upp fjölbreytta þjónustu við fólk í heimahúsum sem gerir einstaklingum kleift að búa lengur heima og eykur lífsgæði þess. Áhugavert er að skoða gögn um slíka þjónustu og áhrif faraldursins á þjónustuna.

Ef litið er til akstursþjónustu eldri borgara í Reykjavík sést að fjöldi ferða fækkar mikið í upphafi faraldursins á Íslandi. Má sjá mestu fækkunina í apríl í fyrstu bylgju Covid, síðan aftur fækkun í þriðju bylgju í október-deseember. Á fyrsta ársfjórðungi 2021 hefur aukning orðið í akstursþjónustunni og stígandi milli mánaða. Í mars 2021 er fjöldi ferða nokkuð nærri því að vera á pari við fjölda ferða í mars 2018 og 2019.


Mynd 21. Akstursþjónusta eldri borgar. Fjöldi ferða á mánuði samtals




Önnur þjónusta sem Reykvíkingum býðst eru matarsendingar í heimahús. Þar má sjá öfuga þróun við akstur eldri borgara. Mikil aukning var á heimsendum mat í fyrstu bylgju

kórónuveirufaraldursins. Fjöldi máltíða fór niður í sumar en var áfram mun hærri en árin á undan. Í nóvember varð svo aftur mikil aukning í fjölda máltíða á mánuði. Á fyrsta ársfjórðungi 2021 hefur máltíðunum fækkað í takti við aukna opnun í samfélaginu og að félagsmiðstöðvar velferðarsviðs opnuðu að nýju þar sem boðið er upp á að borða mat á staðnum.

Mynd 22. Heimsendur matur. Fjöldi máltíða á mánuði samtals




Mynd 23. Félagsleg heimaþjónusta, fjöldi notenda á mánuði samtals



Í félagslegri heimaþjónustu fækkaði notendum bæði í fyrstu (feb-apríl) og þriðju (sept-nóv) bylgju faraldursins. Fjöldi notenda á fyrsta ársfjórðungi 2021 er aftur orðinn á pari við það sem getur talist eðlilegt. Áfram fækkar notendum á biðlista eftir félagslegri heimaþjónustu og voru um 35 á bið að jafnaði á fyrsta ársfjórðungi.

Mynd 24. Heimahjúkrun, fjöldi notenda á mánuði samtals




Í heimahjúkrun er ekki að sjá sömu þróun og í félagslegri heimaþjónustu en þar hefur notendum fjölgað heilt yfir. Notendum heldur áfram að fjölga og náði hámarki nú í mars þegar 1.179 manns fengu heimahjúkrun. Á fyrsta ársfjórðungi fengu 1.575 notendur þjónustu sem er 9,5% aukning milli ára. Líklegt má teljast að fólk sem fær heimahjúkrun sé í það viðkvæmri stöðu að það verður að þiggja þjónustu óháð stöðunni í heimsfaraldrinum.

8. Útivera. Félagsvísar: Velliðan, heilsa.

Hér að neðan má sjá samtölur fjölda ferða gangandi einstaklinga niður á mánuði, fyrir fjóra af þeim gönguteljurum sem eru í Reykjavík.

Mynd 25. Fjöldi ferða gangandi einstaklinga hvern mánuð


Samkvæmt gönguteljurum á fjórum stöðum í Reykjavík.



Á fyrsta ársfjórðungi 2021 eru taldir þónokkuð færri gangandi (við gönguteljarana fjóra sem greining hefur miðast við) heldur en 2020. Um er að ræða 24% færri gangandi við gönguteljarana en á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020. Einungis 1% færri fóru um

Ellíðaárdal, en 9% færri um Nauthólsvík. Þá fóru samkvæmt gönguteljurunum um helmingi færri um bæði Ægissíðu og Grasagarð heldur en á fyrsta ársfjórðungi 2020. Það er það ástæða til að skoða hvort villur séu í gögnum sem greinendum hafi yfirsést, eða hvort mögulegt geti verið að svo miklar breytingar hafi orðið á gönguvenjum Reykjavíkinga fyrsta ársfjórðung 2021. Ef til vill vegna gönguferða að Geldingadalsgösi sem Reykjavíkingar hafa þá farið í staðinn?


Mynd 26. Fjöldi gönguferða á dag skv. fjórum gönguteljurunum í Reykjavík



9. Notkun frístundakorts. Félagsvísar: Velliðan, heilsa.

Nýting frístundakorts í janúar 2021 var um 244 milljónir króna, samanborið við 285 milljónir í janúar 2020. Þessi lækkun útskýrist af því að nýtt kerfi var innleitt um áramótin og beðið var með að innleiða minni félögin inn í kerfið og einblínt á þau stærstu. Því mátti búast við því að skráningar yrðu einmitt lægri í janúar en árið áður, en aftur á móti hærrí í næstu mánuðum þar á eftir þegar minni félögin kæmu inn. Nýting frístundakorts nam 131 milljón í febrúar 2021 samanborið við 122 milljónir 2020. Í mars nam nýtingin um 36 milljónum, samanborið við 31 milljón í mars síðasta árs. Þátttaka í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi hefur mikið forvarnargildi og fyrir góða lýðheilsu. Þá ber sérstaklega að horfa til þess hvort börn af erlendum uppruna séu að detta meira út úr starfinu en önnur börn en í gegnum árin hefur þátttaka þeirra verið minni. Reynt verður eftir fremsta megni að átta sig á stöðunni með þeim gögnum sem fyrir liggja.


Mynd 27. Nýting á frístundakorti



10. Gjaldprot fyrir tækja í Reykjavík. Félagsvísar: Atvinna, fjárhagur

Greining á gjaldprotum fyrirtækja í Reykjavík byggir á sérvinnslum frá Hagstofu Íslands. Mikill hluti gjaldprotabeidda fyrirtækja er fyrir skráðar kennitölur sem eru ekki með neina merkjanlega virkni; mælt í veltu- eða starfsmannatölum. Þetta geta verið kennitölur sem hafa verið óvirkar árum saman, jafnvel allt frá skráningu, og sem sett eru í gjaldprot vegna ógreidds útlagsgjalds. Slíkt hefur engin merkjanleg áhrif á hagsæld í Reykjavík og því eru slíkar gjaldprotabeiddir ekki taldar með í minnisblaði þessu. Þannig miðast greiningin hér einungis við gjaldprotabeiddir fyrirtækja sem höfðu einhverja virkni á fyrra ári.


Mynd 28. Uppsafnaður fjöldi gjaldbrota í Reykjavík



Mismunandi leiðir geta verið teknar til að fanga áhrif gjaldbrota á hagkerfið. Sú einfaldasta er einföld talning á gjaldprotabeiddum yfir árið. Hér að ofan má sjá uppsafnaðan fjölda gjaldbrota fyrir árin 2018 til 2020. Gjaldprot virkra fyrirtækja voru 183 talsins árið 2020,

heldur meira en árið þar á undan (148) en sambærilegt árinu 2018, þegar 182 virk fyrirtæki fóru í prot.


Mynd 29. Uppsafnaður fjöldi tapaðra starfa vegna gjaldþrota í Reykjavík



Séu skoðuð töpuð störf vegna gjaldþrota í Reykjavík sést að þó fjöldi gjaldþrota hafi verið sambærilegur 2018 og 2020 voru áhrifin heldur ólík. Töpuð störf vegna gjaldþrota í Reykjavík árið 2020 voru 1.864 talsins, samanborið við 1.001 tapað starf vegna gjaldþrota 2018. Töpuð störf vegna gjaldþrota í Reykjavík árið 2019 voru hins vegar 2.487, en þar af voru 1.370 töpuð störf í marsmánuði 2019 - þegar Wow Air fór í gjaldþrot.

Vert er að nefna að greiningin miðast við lögheimili fyrirtækjanna, ekki lögheimili þeirra sem misstu atvinnu sína vegna gjaldþrotanna.

Mynd 30. Uppsafnað umfang gjaldþrota í Reykjavík mælt í VSK-veltu




Önnur leið til að fanga áhrif af gjaldþrotum í Reykjavík er að skoða stærð fyrirtækjanna sem fara í prot út frá virðisaukaskattsskyldri veltu þeirra. Hér er miðað við VSK-veltu fyrri árs. Uppsafnað umfang gjaldþrota í Reykjavík mælt í VSK-veltu var 14,7 milljarðar króna í árslok 2020, samanborið við 86,8 milljarða í árslok 2019, og 37,9 milljarða í árslok 2018.

Heildarumfang gjaldþrota í Reykjavík mælt í VSK-veltu var þannig minna árið 2020 en 2019 og 2018.

11. Útgefin byggingarleyfi og samþykkt byggingarmagn. Félagsvísar: Atvinna.

Mynd 31. Bygging á nýjum íbúðum samkvæmt útgefnum byggingarleyfum

Gildi fyrir 2021 miðast við janúar til mars




Yfir fyrsta ársfjórðung 2021 hófst bygging á nýjum íbúðum samkvæmt útgefnum byggingarleyfum fyrir samtals 348 íbúðir, þar af 331 í fjölbýlishúsum, 3 í raðhúsum, 10 í tvíbýlishúsum og 4 í einbýlishúsum. Í samanburði við fyrri ár er það vísbending um áframhaldandi kröftuga íbúðauppbyggingu í Reykjavík.

Yfir árið 2020 hófst bygging á samkvæmt útgefnum byggingarleyfum fyrir samtals 1.174 nýjar íbúðir; þar af 1.145 í fjölbýlishúsi, 6 í raðhúsum, 14 í tvíbýlishúsum og 9 í einbýlishúsi. Á árinu 2019 var hafin bygging á 846 nýjum íbúðum. Árið 2018 var metár í byggingu nýrra íbúða í Reykjavík. Það ár hófst bygging á 1.417 íbúðum í Reykjavík skv. útgefnum byggingarleyfum; 1.374 í fjölbýlishúsum, 15 í raðhúsum, 8 í tvíbýlishúsum og 20 í einbýlishúsum.

Samtals hefur bygging hafist á yfir 6.200 nýjum íbúðum frá ársbyrjun 2015 og er það mesta uppbyggingartímabil nýrra íbúða í Reykjavík. Mesta samdráttarskeið í byggingu nýrra íbúða var yfir árin 2009 til 2011 þar sem hafin var smíði á samtals 282 íbúðum yfir tímabilið og einungis 10 íbúðum árið 2010. Nánar er fjallað um innleiðingu húsnæðisáætlunar Reykjavíkur í [yfirliti yfir fyrsta ársfjórðung 2021](#).

Mynd 32. Samþykkt byggingarmagn í fermetrum

Gildi fyrir 2021 miðast við janúar til mars




Yfir fyrsta ársfjórðung 2021 voru samþykkt byggingaráform fyrir nýjar íbúðir í byggingarleyfisumsóknum fyrir samtals 49.424 fermetra. Yfir árið 2020 voru þau fyrir 122.586 fermetra, fyrir 96.504 fermetra árið 2019 og 222.152 fermetra árið 2018.

Yfir fyrsta ársfjórðung 2021 voru samþykkt byggingaráform fyrir atvinnuhúsnæði fyrir samtals 15.074 fermetra. Yfir árið 2020 voru þau fyrir 71.014 fermetra, fyrir 102.390 fermetra árið 2019 og fyrir 174.208 fermetra árið 2018. Það hefur því hægst nokkuð á við byggingu nýs atvinnuhúsnæðis í Reykjavík.

12. Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks. Félagsvísar: Atvinna, vellíðan


Vinnusamningur öryrkja er endurgreiðslusamningur við atvinnurekendur sem hafa ráðið starfsfólk með skerta starfsgetu til starfa. Markmið og hlutverk vinnusamninga er að auka möguleika atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum vinnumarkaði. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á vinnusamningi eru þeir sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri og slysaörorku. Starfsmannahópur Reykjavíkurborgar er fjölbreyttur og ekki eru allir einstaklingar með skerta starfsgetu með vinnusamning öryrkja. Í maí 2021 voru 54 virkir vinnusamningar hjá Reykjavíkurborg.

Mynd 33. Fjöldi virkra vinnusamninga við fatlaða



Nýir vinnusamningar voru 12 árið 2020 og eru tveir það sem af er ári 2021. Ekki liggur fyrir fjöldi nýrra vinnusamninga árin 2018 og 2019.

13. Kröfur Reykjavíkurborgar í milliinnheimtu og löginheimtu. Félagsvísar: Atvinna, fjárhagur



Myndin sýnir samanlagðar fjárhæðir þeirra krafna sem eru í innheimtu hverju sinni, milliinnheimtu og löginheimtu. Nokkur stígandi hefur verið í kröfum vegna fasteignagjalda sérstaklega, en einnig vegna þjónustugjalda og krafna eignasjóðs. Þessi aukningu má nær eingöngu rekja til Covid faraldursins. Reykjavíkurborg býður upp á ýmis úrræði til handa þeim sem lent hafa verst í Covid faraldrinum. Í mars var heildarfjárhæð þeirra 774 milljónir króna, samanborið við 469 milljónir vegna þjónustugjalda, 384 milljónir vegna eignasjóðs og 62 milljónir vegna bílastæðasjóðs.

Þjónustukaup og vanskil í skóla- og frístundastarfi


Ekki er gerð ítarleg greinargerð á hvort Reykvíkingar séu að segja upp þjónustu skóla- og frístundasviðs (leikskólavist, dvöl á frístundaheimili og þátttöku á sumarfrístundanámskeiði) vegna efnahagsþrenginganna þar sem breytingar hafa ekki orðið miklar síðan í desember þegar tölurnar voru teknar saman og birtar í minnisblaði borgarvaktarinnar. Niðurstöðurnar voru að litlar sem engar breytingar hafa orðið í þjónustukaupum í leikskólum og frístundaheimilum en mikil aukning er í eftirspurn eftir sumarfrístundanámskeiðum.

Talsvert er um fyrirspurnir um mataráskriftir og efnahagslega stöðu foreldra. Verið er að vinna svar við fyrirspurnum í þeim efnum. Mataráskriftir eru hins vegar ekki góður mælikvarði í ár vegna þess að erfitt hefur reynst í sumum skólum að halda úti rekstri mótuneyta vegna Covid. Á næsta ári gæti verið mikilvægt að fylgjast betur með þeim. Engu barni er þó neitað um mat.


Vanskil foreldra hafa ekki aukist s.l. ár varðandi greiðslu leikskólagjalda, frístundagjalda eða fyrir skólamáltíðir. Alvarlegum vanskilum sem leiða til uppsagna á vistun barna hefur ekki fjölgað.

14. Útsvar. Félagsvísar: Atvinna, fjárhagur

Hér að neðan má sjá þróun útsvars greitt til Reykjavíkurborgar frá upphafi árs 2018. Tölurnar eru birtar með fyrirvara um þær leiðréttingar sem eiga sér alltaf stað. Stærstur hluti slíkra leiðréttinga skilar sér inn á tveggja mánaða tímabili eftir að útsvarið er greitt. Þannig gefa nýjustu tölur ársins 2021 einungis grófa mynd af þróun og eru ekki endanlegar.




Mynd 36. Hlutfurð Reykjavíkur í öllu útsvari




15. Fjöldi starfandi eftir atvinnugrein. Félagsvísir: Atvinna

Mynd 37. Fjöldi starfandi eftir atvinnugrein í Reykjavík



Hér að ofan má sjá fjölda starfandi í Reykjavík eftir atvinnugrein. Um er að ræða algenga skiptingu atvinnugreina og byggir greiningin á sérvinnslu frá Hagstofu Íslands. Atvinnubálkar G-I, heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði, og rekstur veitinga- og gististaða, eru fyrirferðarmiklir og sjást þar vel hin gríðarmiklu áhrif sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á lífsviðurværi fólks. Sömuleiðis má sjá mótvægisáðgerðir í atvinnumálum hjá hinu opinbera. Atvinnubálkar O-Q, opinber stjórnsýsla, fræðslustarfssemi, og heilbrigðis- og félagsþjónusta, vega þarna að einhverju leyti á móti til fjölgunar starfa og þá einkum og sér í lagi yfir sumarmánuði 2020.

Mynd 38. Fjöldi starfandi í einkennandi atvinnugreinum ferðapjónustu



Þegar fjöldi starfandi er skoðaður fyrir einkennandi atvinnugreinar ferðapjónustu sést vel að á fyrsta ársfjórðungi 2021 hafði ferðapjónusta ekki byrjað að taka við sér og í marsmánuði voru einungis 4.091 starfandi í einkennandi greinum ferðapjónustu í Reykjavík, samanborið við 7.923 á sama tíma á síðasta ári. Þannig var staðan í marsmánuði 2021 ekki svo mikið betri en þegar verst var, í apríl 2020, þegar 3.407 voru starfandi í einkennandi greinum ferðapjónustu.